

**214. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Brekkubæjarskóla, miðvikudaginn 19. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Elsa Lára Arnardóttir varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla og Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2304063 - Brekkubæjarskóli - starfsemi**

Elsa Lára Arnardóttir aðstoðarskólastjóri Brekkubæjarskóla situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Elsu Láru Arnardóttur fyrir móttökurnar og greinargóða kynningu á starfsemi Brekkubæjarskóla.*

**2. 2203198 - Brekkubæjarskóli - endurbætur 1. hæðar**

Útfærsla á aðgengi í sal vegna endurnýjunar 1.hæðar í Brekkubæjarskóla. Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóra áhaldahúss situr fundinn undir þessum lið ásamt Elsu Láru Arnardóttur aðstoðarskólastjóra Brekkubæjarskóla.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreð fyrir góða kynningu. Ráðið leggur áherslu á að aðgengi fyrir alla sé tryggt og tekur jákvætt í hugmyndir um lyftu við sal skólans frekar en ramp.*

Elsa Lára Arnardóttir og Alfreð Alfreðsson víkja af fundi.

**3. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun**

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að ganga frá reglum um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum sem ræddar voru á fundinum og vísar drögum að endurbættum reglum til bæjarráðs.*

**4. 2304064 - Sumarnámskeið barna 2023**

Kynning á fyrirkomulagi sumarnámskeiða sumarið 2023. Sú breyting verður á að frístundaheimili grunnskólanna, Brekkusel og Grundasel, opna eftir Verslunarmannahelgi fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

*Skóla- og frístundaráð telur breytingar á fyrirkomulagi sumarnámskeiða vera í samræmi við stefnu Akraneskaupstaðar um barnvænt sveitarfélag.*

**5. 2111039 - Skipurit Akraneskaupstaðar 2022**

Bæjarráð samþykkir tímabundna tilfærslu Guðlaugar frá skrifstofu sveitarfélagsins til skóla- og frístundasviðs og að dagleg stjórn og ábyrgð á starfseiningu Guðlaugar verði á hendi forstöðumanns ípróttamannvirkja.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. 2303162 - Fundir um úthlutun og ráðstöfun fjármuna fyrir alla í grunnskóla**

Elsa Lára Arnardóttir aðstoðarskólastjóri Brekkubæjarskóla og Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla sitja fundinn undir þessum lið.

*Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram í samráði við skólastjórnendur.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**